

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 7. gr. útvarpslaga nr. 53, 17. maí 2000 og í samræmi við 6. gr. tilskipunar ráðherraráðs Evrópubandalaganna frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur (89/552/EBE) svo sem henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins frá 30. júní 1997 (97/36/EB), en tilskipun 97/36/EB var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/99 frá 25. júní 1999.

*Menntamálaráðuneytinu, 7. desember 2000.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## REGLUGERÐ

**um fyrstu (1.) breytingu á reglugerð nr. 539/2000  
um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.**

## 1. gr.

9. gr., 12. tl. orðist svo:

Skeiðarlyf til samstillingar gangmáls. Dýralækni er heimilt að afhenda Veramix vet., skeiðarlyf fyrir ær, til manna á sínu starfssvæði, sem hafa leyfi til búfjársæðinga skv. reglugerð nr. 561/1994 um búfjársæðingar og flutning fósturvísa.

## 2. gr.

9. gr., 13. tl. orðist svo:

Bóluefni við garnaveiki. Héraðsdýralækni er heimilt að afhenda slíkt bóluefni til manna í sínu umdæmi, sem eru útnefndir bólusetningarmenn, skv. reglugerð nr. 638/1997 um bólusetningu sauðfjár og geita til varnar garnaveiki, enda hafi þeir gegnt slíku starfi áður, hlotið tilsögn dýralæknis þar að lútandi og sinnt störfum sínum á óaðfinnanlegan hátt.

## 3. gr.

17. gr., 1. mgr. orðist svo:

Óheimilt er að meðhöndla dýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis og skal dýralæknir sjálfur hefja meðferðina, þegar um búfé er að ræða. Þó er heimilt, að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis, að hefja notkun sýklalyfja í gegnum munn eða til útvortis notkunar, sýklalyfjablandaðs fôðurs og sýklalyfja til blöndunar í drykkjarvatn, án þess að dýralæknir hefji meðferðina.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr., sbr. 44. gr., lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2000.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*